



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-088U020**

Dagsetning: **24. október 2015**


Staðsetning: **Heimreið að bænum Einiholt á Suðurlandi**

Atvik: **Ekið á barn**

Látin: **Þriggja ára stúlka**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning

**Látið:**

3 ára gamalt barn

Veður og birta:

Bjart, 1°C, NA 7 m/s

Vegur:

Malarplan og malarvegur. Þurrt yfirborð.
Meðaltalsumferð á sólarhring er lítil

Tími sólarhrings:

16:56

Ökutæki:

Toyota Land Cruiser 150

Samantekt

Síðdegis 24. október 2015 varð barn fyrir jeppabifreið á malarplani fyrir framan sveitabæ á Suðurlandi. Slysið bar að með þeim hætti að barnið var fyrir framan bifreiðina þegar henni var ekið af stað. Hæð vélarhlífar bifreiðarinnar varð þess valdandi að ökumaður sá barnið ekki áður en hann ók af stað.

Lýsing á slysi


Síðdegis 24. október varð barn fyrir jeppabifreið við bæinn Einholt á Suðurlandi. Þennan dag höfðu nokkrar barnafjölskyldur eytt deginum saman á bænum. Um fimm leytið voru gestkomandi fjölskyldur að hafa sig til heimferðar og ein fjölskylda var þegar farin.

Slysið bar að með þeim hætti að ökumaður jeppabifreiðar bakkaði út úr stæði til að hleypa fjórhjóli framhjá sem stóð fyrir framan bifreiðina. Ók hann síðan áfram nokkra metra en stöðvaði bifreiðina á bílplaninu þar sem annað af tveimur börnum, sem voru farþegar í aftursæti bifreiðinnar, þurfti aðstoð við að spenna bílbelti.


Eitt barnanna sem var gestkomandi á bænum, þriggja ára stúlka, var að leika sér á fótstignum leikfangatraktor og hafði farið út á bílplanið. Hvorki ökumaðurinn né farþegi í framsæti jeppabifreiðarinnar urðu vör við ferðir stúlkunnar er hún fór fram fyrir jeppabifreiðina á leikfangatraktornum. Vitni, sem stóð skammt frá, sá barnið upp við framstuðara bifreiðarinnar rétt áður en henni var ekið af stað. Vitnið kallaði og veifaði höndum en náði ekki að aðvara ökumanninn í tæka tíð. Barnið lenti undir bifreiðinni og lést samstundis af áverkum sem af slysinu hlutust.

Ökutækið


Jeppabifreiðin var af gerðinni Toyota Land Cruiser 150. Skoðun á bifreiðinni eftir slysið leiddi í ljós að ástand hennar var gott. Stærð ökutækisins gerir það að verkum að útsýn ökumanns frá sæti sínu er takmarkað, bæði beint fram og eins er hliðarspegill talsvert stór og myndar blindsvæði. Meðalhár ökumaður nær ekki að sjá 90 cm háa fyrirstæðu í um eins metra fjarlægð eða minna fyrir framan stuðara bifreiðarinnar (sjá Myndir 1-3).



Mynd 1: Sviðsett mynd. Áætluð hæð barnsins á leikfangatraktornum var tæpir 90 cm. (mynd fengin frá Lögreglu)



Mynd 2: Tölvugerð teikning af vettvangi.



Mynd 3: Hliðarspegill hindrar sýn.

Vegur og umhverfi

Slysið varð við heimreið að bæjunum Einiholti 1 og 2. Heimreiðin er malarvegur og planið þar sem slysið varð er malarplan.

Veður

Bjart og þurrt var úti og hiti rétt yfir frostmarki. Slysið átti sér stað rétt fyrir sólsetur og var sólin lágt á lofti, en þó ekki í sjónlínu ökumanns.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar var neikvæð á ökumanni bifreiðarinnar.

Orsakagreining

- Ökumaður gekk ekki úr skugga um að óhætt væri að aka bifreiðinni af stað á planinu
- Barnið komst eftirlitslaust út á bílaplanið
- Útsýn ökumanns úr háum jeppa eins og Toyota Land Cruiser 150 er skert á 1-2 m svæði framman við ökutækið

Ábendingar

Útsýn út úr ökutækjum

Megnið af upplýsingum sem ökumaður þarf til að stjórna ökutæki örugglega kemur í gegnum sjónina. Því er fátt mikilvægara en að útsýn ökumanns yfir veginn og nærumhverfi hans sé gott. Útsýn ökumanns er mismunandi eftir ökutækjum og eru blindsvæði stærri í stórum ökutækjum, bæði vegna hæðar og hliðarspegla. Meðalhár ökumaður sér t.d. ekki háa 60 cm fyrirstöðu í tæplega 2 metra fjarlægð eða 90 cm fyrirstöðu í 1 metra fjarlægð fyrir framman stuðara á Land Cruiser 150.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á, að mikilvægt er fyrir ökumenn og aðra þá sem umgangast ökutæki, að vera vel meðvitaða um þá hættu sem getur skapast vegna blindsvæða í kring um ökutæki, þ.e. svæði sem ökumaður sér ekki. Eins bendir nefndin á búnað sem er kominn í sumar bifreiðar, svokallaða blindsvæðaskynjara og/eða myndavélar, sem geta í sumum tilfellum komið í veg fyrir slys sambærileg því sem hér um ræðir. Blindsvæðaskynjarar geta skynjað fyrirstöður í blindsvæðum og gera ökumanni viðvart með t.d. hljóðmerki.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa mælir með því að kaupendur nýrra ökutækja velji þann möguleika að nýja bifreiðin sé útbúin blindsvæðaskynjurum og/eða myndavélum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa minnir einnig á, að nauðsynlegt getur verið að líta í kring um bifreiðina áður en lagt er af stað, sérstaklega þar sem börn geta verið á ferð eða að leik.

Ábyrgð forráðamanna barna

Ung börn gera sér illa, eða alls ekki, grein fyrir þeirri hættu sem af ökutækjum stafar. Þau eiga erfitt með að meta hraða, fjarlægð og hvaðan hljóð berast. Þau eiga einnig erfitt með að setja sig í spor annarra og átta sig á hvað ökumenn hyggjast gera. Því er mikilvægt, að forráðamenn barna, fylgist sérstaklega vel með þeim þar sem vænta má umferð ökutækja og reyni eftir fremsta megni að tryggja öryggi þeirra í hvívetna.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 5. október 2017
Rannsóknarnefnd samgönguslysa